

AUGLÝSING**um váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.**

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, og að fengnum tillögum Trygginga-
eftirlitsins, að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 70.
gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli frá 1. júní 1981 að telja breytast
sem hér segir:

- a. Í stað „kr. 180 000 000“ í 1. málsg. komi: kr. 2 700 000.
- b. Í stað „kr. 360 000 000“ í 2. málsg. komi: kr. 5 400 000.

Heimilt er að hækka váttryggingarfjárhæðir þessar fyrir lok tryggingatímabils.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. júní 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og bann við notkun tiltekinna
eiturefna og hættulegra efna, ásamt breytingum nr. 5/1973 og 624/1980.

1. gr.

Ný grein, er verði 11. gr., orðist svo:

Blöndun Rícínusolíu (laxerolíu) og metanóls.

Heimilt er verslunum, er fengið hafa til þess leyfi ráðherra, að fengnum með-
mælum eiturefnanefndar, að flvtja inn og selja sem eldsneyti á módel-mótora blöndur
rícínusolíu (laxerolíu) og metanóls án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, sbr.
ákvæði reglugerðar nr. 131/1971, og skal magn rícínusolíu í blöndum þessum vera
minnst 20%.

Leyfi þessi eru bundin nánari skilyrðum um flát, merkingar, varðveislu o. fl.,
er eiturefnanefnd ákveður.

2. gr.

11. gr. verði 12. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 16. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og
hættuleg efni öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. júní 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.